



Ryoichi Higuchi er japanskur tónlistarmaður sem kominn er hingað til lands til þess að halda tónleika en hann hefur tileinkað lífi sínu tónlist. Hann líkir sér við „póstburðarmann“ sem afhendir „Bréf til minna kæru barna“ með söng sínum og breiðir út boðskap sinn um ást og virðingu í formi tónlistar.

Ryoichi, sem er vel þekktur í heimalandi sínu, Japan, á sér einnig sinn aðdáendahóp á Íslandi en áhugafólk um japanska samtímatónlist ætti að þekkja til hans verka.


Tónlistarmaðurinn samdi frægt lag eftir ljóði óþekkts höfundar frá Brasilíu sem nýlega var þýtt á íslensku undir nafninu „Bréf til minna kæru barna“ (sjá miðopnu).

Þýðandinn bað Ryoichi að koma til Íslands svo að fólk hér á landi gæti notið tónlistar hans og nærveru. Nú er hann kominn og heldur þrenna tónleika okkur öllum til mikillar gleði.

Ryoichi er hæfileikaríkur tónlistarmaður sem hlotið hefur ótal verðlaun í heimalandi sínu fyrir tónverk sín og söng. Hann var ungur að aldri þegar tónlistin tók yfir líf hans en hann var aðeins sex ára gamall þegar tónlistarferill hans hófst; sannkallað undrabarn. Það eru því mikil forréttindi að fá að sjá Ryoichi á sviði og njóta tónlistar hans.

Fyrir nokkrum árum síðan greindist Ryoichi með Parkinsonsveiki en hann lætur veikindin ekki á sig fá og mun syngja nokkur vel valin lög. Meðleikari hans á gítar er Tatsukuni Uchida, sendiráðunautur í Sendiráði Japans á Íslandi.

Stefán Atli Thoroddsen
formaður Íslensk-japanska félagsins



Lau., 4. okt. 2014, kl. 14:00, Grensáskirkja
Sun., 5. okt. 2014, kl. 14:00, messa í Sólheimakirkju
Mán., 6. okt. 2014, kl. 12:00, Verslunarskóli Íslands

Til Japanans Tomoo Sumi kom tölvupóstur af tilviljun frá
Brasilíu. Í honum var ljóð á portúgölsku eftir
ónafngreindan höfund. Tomoo varð yfir sig snortinn af
ljóðinu. Hann þýddi það yfir á japönsku og sýndi það
síðan vini sínum Ryoichi Higuchi, tónlistarmanni. Hann
hreifst ekki minna en Tomoo og samdi lag við þetta ljóð.

Bréf til minna kæru barna

Ég bið ykkur að skilja mig eins og ég verð,
þegar ég eldist og
haga mér öðruvísi en ég var vanur.

Ég bið ykkur að gæta mín
eins og ég hef kennt ykkur,
þótt ég missi matarbita á fötin mín og
gleymi að reima skóna mína.

Ég bið ykkur að kinka kolli og
leyfa mér að ljúka við söguna,
þótt ég segi hana aftur og aftur.

Munið að þið báðuð mig
að lesa sömu myndabókina oft.
Þótt endalok hennar hafi alltaf verið endurtekin,
fylltu þau hjarta mitt friði.

Það er ekki sorglegt, þótt ég eldist.
En þá bið ég ykkur að líta uppörvandi til mín.
Ef ég verð of hugfanginn og nærföt mín verða ósjálfrátt rök,
eða ég vil ekki fara í það,
bið ég ykkur að muna eftir góðu gömlu dögumum
þegar mér tókst að lokum að baða ykkur
eftir að hafa elt ykkur marga hringi.

Tennurnar mínar verða lasnar og
ég get ekki kyngt,
fætur mínir verða máttlitlir og
ég get ekki staðið einn.

Viljið þið rétta mér hendur og
styðja mig, þegar ég hrasa.

Eins og þið lituð til mín og
báðuð mig að hjálpa ykkur á fætur.

Ég bið ykkur að vera ekki sorgbitin
að sjá mig eins og ég er,
og hugsa ekki að þið séuð hjálparvana.

Ég finn að það er þungt fyrir ykkur
að vita að ég hef ekki nægan kraft
til að umfaðma ykkur.

En það er dásamlegt að hjarta ykkar skilji og styðji mig.
Það mun veita mér hughreysti.

Þið eigið ekki að vera sorgmædd.
Ég er að búa mig undir Ferðalagið.
Ég bið um blessun ykkar.

Eins og ég verndaði ykkur fyrstu árin,
bið ég ykkur að vera í nálægð um stund
þegar ég hef gengið síðustu sporin.

Ég mun svara ykkur með brosi,
fyrir þá ómældu gleði að eiga ykkur og
hinn eilífa kærleika til ykkar
sem mun aldrei bregðast.

Til barna minna.
Til minna kæru barna.

(Miyako Þórðarson þýddi.)

